

LOKA3VE03

ESKIFJARÐARHÚS



BALDUR EINAR JÓNSSON



INNGANGUR

Í þessu lokaverkefni fer ég yfir sögu níu þekktra húsa á Eskifirði, mínum heimabæ. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á sögu almennt, hvort sem það er úr heimahögum eða úti í stóra heiminum. Ég sá mér kjörið tækifæri á borði til að sameina þennan áhuga við lokaverkefnið mitt.

Hugmyndin með verkefninu var að útbúa ljósmyndabók þar sem ég sýni bæði gamlar myndir, þar sem hægt var að finna þær, og nýjar myndir af níu söguþekktum húsum á Eskifirði. Ásamt myndum þá fer ég betur ofan í sögu þessara húsa, hvenær þau voru byggð og í hvaða tilgangi. Loks, þá fer ég yfir hvaða hlutverkum húsin þjóna í dag, ef einhverjum.

RANDULFSSJÓHÚS

BYGGINGARÁR: 1882

Randúlfskjóhús er norskt timburhús sem var smíðað í Noregi 1882, og flutt til Íslands sama ár. Húsið var fyrst reist á Hróteyri við Reyðarfjörð af norska skipstjóranum og kaupmanninum Peter Randulff, sem stundaði síldarveiðar og verslun hér við land. Árið 1890 var húsið flutt á núverandi stað á Eskifirði og notað sem hluti af síldarbækistöð, sem veiðarfærageymsla, vinnustaður og verbúð.

Í dag er Randúlfskjóhús starfrækt í samvinnu við ferðapjónustuna á Mjóeyri á Eskifirði og er þar rekinn vinsæll veitingastaður auk þess eru reglulega haldnir viðburðir á staðnum. Þá er hluti hússins nýttur til sýningarhalds á hlutum sem tengdir eru skjóhúsinu og þeirri starfsemi sem þar hefur verið í gegn um tíðina. Húsið er hins vegar í eigu Sjóminjasafns Austurlands og var það friðað af menntamálaráðherra 15. desember 1999.



RANDULFSSJÓHÚS, 2026.

BYGGÐARHOLT

BYGGINGARÁR: UM 1880

Um 1880 rétt utan við Eskifjarðarsel var stofnað til afbýlisins Byggðarholts sem síðar varð sjálfstæð jörð frá Eskifjarðarseli. Á Byggðarholti var samfelldur búskapur frá árunum 1930 til 1972 áður en það fór í eyði.

Frá 1976 og til dagsins í dag þjónustar Byggðarholt sem klúbbhús félaga í Golfklúbbi Byggðarholts á Eskifirði (GBE) en allt í kringum bæinn er glæsilegur níu holu golfvöllur.



BYGGÐARHOLT, 2026.

JENSENSHÚS

BYGGINGARÁR: 1837

Jensenshús (eða Jenshús) er elsta standandi íbúðarhús á Eskifirði og eitt elsta varðveitta íbúðarhús á Austurlandi. Húsið er byggt árið 1837 af Páli Ísfeldt. Jenshús hefur nú verið endurgert og friðlýst 1. janúar 1990.

Í dag er húsið listamannabústaður í umsjón Menningarstofu Fjarðabyggðar. Það hefur verið fallega endurbyggt í upprunalegu formi. Húsið er með tveimur svefnherbergjum, stofu, litlu eldhúsi og rúmgóðu svefnlofti.



INNAN ÚR JENSENSHÚSI



JENSENSHÚS, 2026.

BARNASKÓLINN

BYGGINGARÁR: 1910

Barnaskólinn á Eskifirði, oft kallaður Gamli Skólinn af Eskfirðingum og var reistur af heimamönnum 1910. Húsið var notað til skólahalds í 75 ár. Kennslu var hætt í húsinu árið 1985 þegar nýr Eskifjarðarskóli tók við skólastarfi í bænum, 8. janúar sama ár.

Eftir það var Barnaskólinn nýttur sem félagsmiðstöð lengi.

Barnaskólahúsið hefur gengið í endurnýjun lífdaga en Hollvinasamtök gamla barnaskólans á Eskifirði standa fyrir miklum endurbótum á húsinu sem miðar að því að koma því í upprunalegt horf. Til stendur að nýta húsið sem rannsóknarsetur fyrir háskólann í framtíðinni.



BARNASKÓLINN, 1929.



BARNASKÓLINN, 2026.

GAMLA RAFSTÖÐIN

BYGGINGARÁR: 1911

Það voru framsýnir menn sem stýrðu Eskifirði 1910. Reist var rafstöð samhliða nýju skólahúsi (Barnaskólanum).

Stífla og stöð voru reist 1911 og rafmagni var hleypt á bæinn 7. desember sama ár sem var mikil bylting fyrir bæjarbúa.

Húsið er í dag minnisvarði fyrir ákveðinn tíma á Eskifirði. Það hefur verið uppgert en er ekki í notkun.



GAMLA RAFSTÖÐIN, 2026.

KALLA-SJÓHÚS

BYGGINGARÁR: 1897

Kalla-sjóhús var upphaflega ketilhús við gömlu Hvalstöðina á Svínaskála. Húsið var svo seinna flutt inná Eskifjörð. Þar rak Sporður hf. harðfiskvinnslu í mörg ár.

Í dag er búið leggja mikla vinnu í að gera húsið fallega upp. Það er í dag íbúðarhús.



KALLA-SJÓHÚS, 2026.


MJÓEYRI

BYGGINGARÁR: 1895

Mjóeyri er byggð 1895 og á sér mikila sögu. Magnús Magnússon hóf þar verslun 1897 og rak hana fram yfir aldamót. Aðrir tóku við eftir það og var verslun rekin á Mjóeyri til 1911 hið minnsta. Vitinn á Mjóeyri hefur staðið þar frá 1917.

Síðasta aftakan á Austurlandi fór fram á Mjóeyri árið 1786 og þótti hún frekar ruddaleg.

Í dag er rekin blómleg ferðapjónusta á Mjóeyri og þykir eftirsóknarvert að bóka gistingu þar og njóta náttúrunnar og umhverfisins.



MJÓEYRI, 1960.



MJÓEYRI, 2026.

GAMLA KIRKJAN

BYGGINGARÁR: 1900

Gamla kirkjan á Eskifirði var smíðuð í norskum timburstíl árið 1900 og stóð sem aðalkirkja Eskifjarðarsóknar fram til ársins 2000, en þá var nýja kirkjan (Menningarmiðstöðin í Fjarðabyggð) vígð. Eftir það var gamla kirkjan afhelguð og seld.

Hún hefur síðan staðið tóm og hrörnað niður. Hún er enn áberandi minnisvarði í bænum þótt ástandið á henni sé alls ekki gott.



GAMLA KIRKJAN, 1956.



GAMLA KIRKJAN, 2026.

VÉLAVERKSTÆÐI ESKIFJARÐAR (VE)

BYGGINGARÁR: 1921

Vélaverkstæði Eskifjarðar var byggt 1921 og var starfsemi í húsinu til 1960. Þótti það vera eitt fullkomnasta verkstæði sinnar tegundar á landinu en rekstur gekk oft brösulega. Verkstæðið var rekið af Sigurjóni Jónssyni (oft kallaður Sigurjón vélvirki) og er staðsett í miðjum bænum.

Verkstæðið sinnti viðgerðum á báta-, véla- og landbúnaðartækjum og var mikilvægur þáttur í iðnvæðingu svæðisins á millistríðsárunum.

Í dag er húsið yfirgefið en í góðu ásigkomulagi.



VE, 2015.



VE, 2026.

HEIMILDARSKRÁ

Einar Bragi Sigurðsson. (1971). Eskja: Örnefni við Eskifjörð
(1. bindi). Byggðasögunefnd Eskifjarðar.

Ferðafélag Íslands. (2005). Árbók Ferðafélags Íslands 2005:
Austfirðir. Ferðafélag Íslands.

Guðlaug Vilbogadóttir. (2023. 13. desember). *Strandgata 96,
Randulffssjóhús, Eskifirði*. Með hús í farangrinum.
[https://husaflutningar.is/strandgata-96-randulffssj
ohus-eskifirdi/](https://husaflutningar.is/strandgata-96-randulffssjohus-eskifirdi/)

Magnús Sigurðsson. (2021, 4. júlí.). *100 ára steypa*. Magnús
Sigurðsson. [https://magnuss.blog.is/blog/magnuss/entry/2266
707/](https://magnuss.blog.is/blog/magnuss/entry/2266707/)

Einar Bragi Sigurðsson. (1986). Eskifjörður í máli og myndum
1786–1986. Eskifjarðarsöfn / Þjóðminjasafn Íslands.

Kristín Ágústsdóttir. (2001. Maí). Byggingarár húsa á
Eskifirði. Veðurstofa Íslands.
[https://www.vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/es/eskifj_bygging
arar.pdf](https://www.vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/es/eskifj_byggingarar.pdf)

Visit Eskifjörður. (e.d.). *Mjóeyri travel service*.
[https://www.visiteskifjordur.is/where-to-stay/mjoeyri-travel-
service/](https://www.visiteskifjordur.is/where-to-stay/mjoeyri-travel-service/)



Takk fyrir